

Jordan Peterson

Kanadíski sálfræðingurinn og prófessorinn, Jordan Bernt Peterson (f. 1962), er fallinn á hné. Að sögn dótturinnar hefur hann verið háður kvíðastillandi lyfjum um nokkur ár. Kvíði hans jókst enn, þegar eiginkonan greindist með krabbamein. Nú síðast leitaði hann sér lækninga í Rússlandi. Jordan hefur verið meðal beittustu gagnrýnenda hins nýja kvenfrelsunarréttrúnaðar í ýmsum tilbrigðum hans og reynt að styðja við drengi og karlmenn í baráttunni fyrir eiginlegu jafnrétti, sjálfsvirðingu og kynvirðingu.

Eins og vænta mátti fagna sumir. Lindsay Beyerstein er ein þeirra. Hún er kanadísk að uppruna, verðlaunaður rannsóknarblaðamaður. Skrif hennar eru sorglega niðrandi, rætin, illgjörn og meinfýsin, skólabókardæmi um vont innræti í umbúðum þykjustufagmennsku. Greinin er fróðleg m.a. fyrir þær sakir. Hvar er mannúðin, hvar er samúðin?

Fróðlegt er einnig að hlýða á fyrirlestur Janice Fiamengo til samanburðar. Hún skrifar af mannúð, hlutlægni, vandvirk eins og endranær.

<https://www.youtube.com/watch?v=DnKRQL2T9xw>

Vonandi rís Jordan úr öskustónni, öflugri en nokkru sinni fyrr, mikilli lífsreynslu ríkari. Ég óska honum góðs bata og velfarnaðar.

<https://nationalpost.com/news/jordan-petersons-year-of-absolute-hell-professor-forced-to-retreat-from-public-life-because-of-tranquilizer-addiction>

<https://newrepublic.com/article/156829/happened-jordan-peterson>